

Gróðurfar og fuglalíf við Sýrfell og Gráa lónið á Reykjanesi

**Kristbjörn Egilsson, Ólafur K. Nielsen
og Guðmundur Guðjónsson**

Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja

NÍ-02003

Reykjavík, febrúar 2002



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

ISSN 1670-0120

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 STADHÆTTIR	3
3 AÐFERÐIR	3
3.1 Algengniflokkun tegunda	3
4 GRÓÐUR	5
4.1 Gróðurfar við Sýrfell	5
4.3 Gróður við fyrirhugðar rannsóknarholur utan gróðurkorts	10
4.3 Gróður við fyrirhugðar rannsóknarholur utan gróðurkorts	10
4.4 Flóra	10
5 FUGLAR	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
5.1 Útvinna og aðferðir við fuglarannsóknir	12
5.2 Niðurstöður um fuglalíf	12
5.2.1 Sýrfell og nágrenni	12
5.2.2 Gráa lónið og affallsleið til sjávar	13
5.3 Umfjöllun	13
5.3.1 Samsetning og þéttleiki mófuglafánunnar	13
5.3.2 Sjófuglar	14
5.3.3 Fuglar á válista	14
6 AÐRAR RANNSÓKNIR Á ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDA	14
7 NÁTTÚRUMINJAR	15
8 ÁHRIF FRAMKVÆMDA Á GRÓÐUR OG FUGLALÍF	15
8.1 Áhrif framkvæmda á gróður	15
8.1.1 Gróðurfar	15
8.1.2 Flóra	15
8.2 Áhrif framkvæmda á fuglalíf	15
9 TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR	16
9.1 Viðbótarrannsóknir	16
10 RITASKRÁ	17
11 VIÐAUKAR	18
1. viðauki. Flóra Reykjanes	18
KORT	
1. kort. Sýrfell og niðurdælingarholur	6
2. kort. Gráa lónið og affallsleið til sjávar	9

1 INNGANGUR

Í bréfum dagsettum 11. september 2000 og 1. júní 2001 fór VSÓ-ráðgjöf þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir hönd Hitaveitu Suðurnesja að stofnunin tæki að sér að afla upplýsinga um náttúrufar vegna mats á umhverfisáhrifum jarðhitanýtingar á Reykjanesi.

Hugmyndir eru uppi um að bora svokallaðar niðurdælingarholur á þremur stöðum við Sýrfell á Reykjanesi. Þar á að dæla niður affallsvatni frá gufuaflsvirkjun sem ráðgert er að reisa á svæðinu. Skammt frá Sýrfelli við svokallað Gráa lón er ætlunin að leggja affallsleið til sjávar. Affallið verður leitt í leiðslu, sem lögð verður neðanjarðar og hulin eða ofanjarðar og felld að landslagi. Einnig er fyrirhugað að bora þrjár rannsóknarholur í 3. áfanga framkvæmdar. Fyrirhuguð framkvæmdasvæði eru utan þess iðnaðarsvæðis sem skilgreint er á skipulagi. Svæðið er á Náttúruminjaskrá.

Rannsóknirnar fólust í gerð gróðurkorts, skráningu á háplöntum og úttekt á fuglalífi (varpfuglafánu) á áhrifasvæðum fyrirhugaðra framkvæmda. Vettvangsvinna vegna gróðurrannsókna við Sýrfell fór fram í október 2000 en við Gráa lónið í október 2001. Fuglaathuganir voru gerðar í júní 2001. Samstarfsmaður og tengiliður fyrir hönd Hitaveitu Suðurnesja var Stefán Gunnar Thors hjá VSÓ-ráðgjöf.

2 STAÐHÆTTIR

Rannsóknasvæðið er yst á Reykjanesi skammt norðan við Reykjanesvita. Landslagið einkennist af flötu sandorpnu hrauni. Móbergs- og hraunhryggir, t.d. Sýrfell, Sýrfellsdrög, Vatnsfell og Litla-Vatnsfell, standa upp úr hrauninu.

3 AÐFERÐIR

3.1 Algengniflokkun tegunda

Sérfræðingahópur á Náttúrufræðistofnun Íslands hefur unnið að þróun aðferðar til að meta hvaða eiginleika tegund þarf að hafa til að teljast sjaldgæf á landsvísu. Þetta er gert á þann hátt að sameina upplýsingar um þekktu útbreiðslu tegunda á landinu og hversu algengar eða áberandi þær eru á útbreiðsluvæði sínu og gefa hverri tegund einkunn sem er lýsandi fyrir stöðu hennar í flóru og fánu landsins. Aðferðinni við matið hefur verið lýst í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands sem unnin var vegna mats á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2001).

Hér fer á eftir yfirlit yfir þessa algengniflokkun eins og hún var sett fram í áðurnefndri skýrslu, nokkuð stytta og endurskoðað.

Tegundir plantna, smádýra og fugla sem finnast á rannsóknasvæðum og á öðrum áhrifasvæðum framkvæmda eru metnar og flokkaðar eftir því hversu algengar þær eru bæði á landinu öllu og á svæðisvísu.

Á landsvísu er matið byggt á núverandi þekkingu, þ.e. birtum heimildum auk óbirtra gagna sem varðveitt eru í söfnum og skrám, aðallega gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Útbreiðslukort eru mikilvæg hjálpargögn við mat á þessum þætti.

Tegundirnar eru metnar á tvennan hátt og eru báðir þættir metnir sjálfstætt:

- a) útbreiðsla þeirra á landinu
- b) tíðni, þ.e. hversu algengar þær eru á landinu.

Í báðum tilfellum er valið á milli þriggja kosta. Hvað útbreiðslu varðar var skoðað hvort viðkomandi tegund er:

- útbreidd um allt landið þar sem kjörlendi er að finna
- fundin víða á landinu þó ekki alls staðar þótt kjörlendi sé til staðar
- fundin á fáum stöðum.

Mat á tíðni er alfarið byggt á þekkingu sérfræðinga á Náttúrufræðistofnun Íslands. Þrjú stig tíðni eru gefin:

- yfirleitt í miklum mæli, þ.e. einstaklingafjöldi/þekja mikil á útbreiðslusvæðinu stundum þó mun faliðaðri t.d. á hálendi en láglandi eða öfugt
- yfirleitt í nokkrum mæli á útbreiðslusvæðinu
- yfirleitt í litlum mæli á útbreiðslusvæðinu.

Alls voru skilgreindir 10 algengniflokkar. Þeir, ásamt forsendum sem liggja að baki ofangreindu mati, eru sýndir í 1. töflu auk tákna sem notuð eru til að sýna matið myndrænt. Auk þessa er merkt sérstaklega við slæðinga, ræktaðar tegundir og tegundir sem taldar eru markverðar á heimsvísu, þ.e. tilvist þeirra á Íslandi skiptir máli í heimsútbreiðslu viðkomandi tegundar.

1. tafla. Algengniflokkar ásamt skýringum og táknum.

Flokkar	Skýringar	Tákn
I	Finnst víðast hvar – Yfirleitt í miklum mæli	■■■■□□
II	Finnst víðast hvar – Yfirleitt í nokkrum mæli	■■■□□
III	Finnst víðast hvar – Yfirleitt í litlum mæli	■■■□
IV	Finnst nokkuð víða – Yfirleitt í miklum mæli	■■□□□
V	Finnst nokkuð víða – Yfirleitt í nokkrum mæli	■■□□
VI	Finnst nokkuð víða – Yfirleitt í litlum mæli	■■□
VII	Fáir fundarstaðir – Yfirleitt í miklum mæli	■□□□
VIII	Fáir fundarstaðir – Yfirleitt í nokkrum mæli	■□□
IX	Fáir fundarstaðir – Yfirleitt í litlum mæli	■□
X	Slæðingar	SL
XI	Ræktuð	R
XII	Óvisst	?

4 GRÓÐUR

Gróðurkort var gert af tveimur svæðum; annars vegar umhverfis Sýrfell og hins vegar á fyrirhugaðri affallsleið milli Gráa lónsins og sjávar. Fyrri svæðið er liðlega 4 km² að flatarmáli en flatarmál seinna svæðisins er tæplega 1,5 km². Svæðin eru afmörkuð á meðfylgjandi gróðurkortum, 1. kort (Sýrfell og niðurdælingarholur, 1:10.000) og 2. kort (Gráa lónið og affallsleið til sjávar, 1:10.000). Farið var um svæðin og gróðurfélög kortlögð. Auk þess voru skoðaðir tveir blettir við Vatnsfell (Bæjarfell) þar sem fyrir hugað er að bora rannsóknarholur í 3. áfanga framkvæmdar.

Háplöntutegundir voru skráðar svo sem kostur var en gagnasöfnun fór fram að haustlagi og gróður því farinn að sölna. Auk þess voru notuð við skýrslugerðina gögn um útbreiðslu háplantna á svæðinu í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Gróðurkortin voru teiknuð á myndkort frá Ísgrafi ehf. sem gert var eftir loftmyndum frá Loftmyndum ehf. sem teknar voru 1999. Gróður- og landgreiningin á gróðurkortunum er að mestu leyti byggð á flokkunarlykli hefðbundinna gróðurkorta en þar er gróður flokkaður eftir ríkjandi tegundum (Steindór Steindórsson 1981).

4.1 Gróðurfar við Sýrfell

Gróðurfar við Sýrfell einkennist af bersvæðisgróðri á úfnu hrauni (1. kort). Á meginhluta kortlagða svæðisins er gróðurþekjan minni en 10%. Þessi litla gróðurhula veldur því að ekki er unnt að flokka landið eftir gróðurþekju heldur þarf að notast við landgerðir. Á flatneskjunni vestan við Sýrfell nær gróður að þekja meira en 10% landsins og er það land því flokkað eftir gróðurfélögum. Einnig voru nokkur gróðurfélög með mismikilli gróðurþekju greind í og við rætur fellsins.

Á gróðurkortinu voru greind eftirfarandi sjö gróðurfélög sem tilheyrja fjórum gróðurlendum ásamt fjórum flokkum af gróðurlausu eða lítt grónu landi.


Mosagróður (A) er helst að finna í og við Sýrfell. Undir norðvesturhlíð þess er allstór samfelld gróin mosapamba í hrauninu sem gróið er að tveimur þriðju hlutum. Litlu norðar er önnur mosapamba í hrauni sem er hálfgróið.

Mest af mosagróðri á svæðinu er *mosi með smárunnum* (A4) þar sem gamburmosi er ríkjandi. Í hrauninu eru krækilyng, beitylyng, einir og fléttur af ættkvíslinni *Stereocaulon* ríkjandi fylgitegundir. Af öðrum tegundum má nefna grasvíði, blávingul, geldingahnapp, móasef, stinnastör, axhæru, blóðberg, sortulyng, loðvíði, sauðamerg og holurt. Í hlíðum Sýrfells eru sömu tegundir ríkjandi ásamt holtasóley, en vægi *Stereocaulon* minnkar.

Á tveimur litlum blettum sunnan til á svæðinu er *mosi með grösum og smárunnum* (A8). Þar er gamburmosi einnig ríkjandi en helstu fylgitegundir eru krækilyng, túnvingull, geldingahnappur, vallhæra, þúfusteinbrjótur og móasef.

1. kort. Sýrfell og niðurdælingarholur

Gróðurkort 1:10.000



Lyngmói (B) kemur fyrir í austanverðu Sýrfelli. Um er að ræða gróðurfélagið *beitilyng–krækilyng–bláberjalyng* (B4) sem vex þar í hlíðarrótunum. Gróðurþekjan er gisin en ríkjandi tegundir auk beitilyngs eru krækilyng, móasef, blóðberg, túnvingull, blávingull og geldingahnappur.

Graslendi (H) er fjölbreyttasta gróðurlendið á svæðinu en því tilheyra þrjú gróðurfélög. *Grös* (H1) er að finna austan við Sýrfellsdrög. Þar er nýgræða með túnvingli sem hefur um 50% gróðurþekju.

Syðst á svæðinu, við jaðar kortlagða svæðisins, á Langahrygg, sunnan við opna efnisnámu er gróðurfélagið *grös með smárunnum* (H3). Gróðurþekjan er um 20% og ríkjandi tegundir eru túnvingull, krækilyng, beitilyng og blóðberg.

Langútbreiddasta gróðurfélagið á svæðinu er *melgresi* (H4). Í hrauninu vestan við Sýrfell hefur það 10–15% þekju. Ríkjandi tegundir eru melgresi, krækilyng, einir og túnvingull, en blávingull, blóðberg, kattartunga, geldingahnappur, móasef, holurt og *Stereocaulon* eru einnig áberandi.

Blómlendi (L) er að finna við veginn austan við Sýrfellsdrög. Þar er þéttvaxin breiða af blóðbergi í blönduðu gróðurfélagi með grös.

Gróðurlaust eða lítt gróið land (hr, vi, gt, sa). Land sem hefur minni gróðurþekju en 10% flokkast eftir landgerð en ekki þeim gróðri sem þar vex. Fjórar landgerðir eru á kortinu: Hraun, vikrar, grýtt land og sandar. Í þeim gisna gróðri sem á þessu landi vex eru mest áberandi sömu plöntutegundir og er að finna í gróðurfélaginu *melgresi* (H4) í hrauninu vestan Sýrfells. Það eru melgresi, krækilyng, einir, túnvingull, blávingull, blóðberg, kattartunga, geldingahnappur og holurt ásamt móasefi og axhæru. Hér og þar eru líka blettir með gamburmosa og *Stereocaulon*.

4.2 Gróðurfar við affallsleið frá Gráa lóninu

Eins og við Sýrfell er gróðurfar við affallsleiðina fremur fáskrúðugt og landið er víðast lítt gróið. Ástand gróðurs bendir til að landið sé að gróa upp hægt og rólega. Meginhluti svæðisins á 2. korti er gróinn bersvæðisgróðri þ.e. gróðurlaust eða lítt gróið land. Við Gráa lónið og næst sjónum er gróður þó fjölskrúðugri og gróðurþekjan samfelldari. Næst fiskþurrkuninni þar sem m.a. eru fiskhjallar, hefur land verið grætt upp og er þar nú algróið graslendi.

Við Gráa lónið er landið all vel gróið miðað við umhverfið. Á hverasvæðinu sunnan lónsins er gróðurfarið aðlagð hverahita og þar vaxa m.a. tegundir sem eru sérhæfðar slíku umhverfi (sjá 6. kafla).

Litla-Vatnsfell er gróið grös og smárunnum. Sunnan við lónið eru grös og grasgefin mosapemba ríkjandi. Í hrauninu norðan við lónið ríkir graslendi með smárunnum en þar er gróðurinn gisnari. Ofan við stórgrýtta ströndina er gróður nokkuð samfelldur og þar eru melgresi og önnur grös ríkjandi.

Á gróðurskortinu (2. kort) eru greind eftirfarandi tíu gróðurfélög sem tilheyra fimm gróðurlendum. Þar eru einnig kortlagðir sex flokkar af gróðurlausu eða lítt grónu landi:

Mosagróður (A) er nokkuð algengur á svæðinu einkum frá Miðahóli til sjávar.

Mosi með smárunnum (A4) er útbreiddasta gróðurfélagið í sandorpnu hrauninu norðan við Miðahól. Gróðurþekjan er víðast gisin. Gamburmosi er oft ríkjandi ásamt krækilyngi, beitilyngi, eini, lógresi og fléttunni *Stereocaulon*.

Mosi með grösum (A5) er ríkjandi sunnan við Gráa lónið á milli Litla-Vatnsfells og hverasvæðisins. Þar eru túnvingull, blávingull og fleiri grös áberandi.

Mosi með grösum og smárunnum (A8) er vestan og sunnan við Miðahól. Þar er gamburmosi ríkjandi ásamt krækilyngi, túnvingli, geldingahnappi, vallhæru og móasefi. Þetta gróðurfélag (A8) er einnig að finna á talsverðu flæmi í blönduðu gróðurfélagi með *mosa með grösum* (A4). Gróðurþekjan í báðum reitum þessa gróðurfélags er 50%.

Tildur- og skrautmosar með blóðbergi (A21) er annað af tveimur gróðurfélögum á svæðinu sem ekki er í hefðbundnum greiningarlykli gróðurkortagerðarinnar (Steindór Steindórsson 1981). Það er á hverasvæðinu sunnan við Gráa lónið.

Lyngmói (B) er aðeins greindur á einum stað á vel grónu hrauni nyrst á svæðinu. Þar er einnig gróðurfélag sem ekki er í gróðurkortalyklinum. Um er að ræða gróðurfélagið *krækilyng–mosi–blóðberg* (B21) sem vex í blönduðu gróðurfélagi með fléttunni *Stereocaulon* (J2). Í þessum krækilyngsmóa hafa gamburmosi og blóðberg mikla þekju en túnvingull er einnig áberandi.

Fléttumói (J) kemur fyrir á einum stað með lyngmóanum sem getið er um hér á undan. Um er að ræða *Stereocaulon* (J2) sem er fléttusamfélag. Þó að það flokkist undir mólendi, er það algengast í illa grónum sandorpnum hraunum.

Graslendi (H) er algengasta gróðurfélagið á svæðinu og gróðurþekja þess er í nokkrum tilvikum mikil.

Grös (H1) eða hreint graslendi er t.d. að finna á hverasvæðinu og við fiskþurrkunina. Úti við sjóinn er það í blönduðu gróðurfélagi með *melgresi* (H4). Annars staðar á svæðinu hefur það minni gróðurþekju.

Grös með smárunnum (H3) er algengt við Gráa lónið og á Litla-Vatnsfelli. Þar er túnvingull mest áberandi ásamt melgresi á blettum, blóðbergi, lambgrasi og kattartungu.


Melgresi (H4) er mjög áberandi nyrst á svæðinu næst ströndinni og myndar þar víða þéttar breiður.

Blómlendi (L) kemur fyrir á mjög litlu svæði í suðurenda Litla-Vatnsfells. Þar er að finna ræktaða *alaskalúpínu* (L3).

Gróðurlaust eða lítt gróið land (fj, hr, mo, hveraleir). Landgerðir sem merktar eru á 2. kort eru grýtt fjara, hraun, moldir og hveraleir. Þær eru allar að mestu gróðurlausar nema hraunin sem eru talsvert sandorpin. Gróðurþekja hraunanna er víðast 5–10%. Á þessu svæði er melgresið ekki eins áberandi og við Sýrfell. Aðrar grastegundir einkum túnvingull, eru meira áberandi. Blómplöntur eru einnig nokkuð áberandi, einkum blóðberg og lambgras. *Stereocaulon* finnst víða í hrauninu og getur þéttleikinn sumstaðar farið upp í 5–10%. Mosi er fátíður.

2. kort. Gráa lónið og affallsleið til sjávar

Gróðurkort 1:10.000



4.3 Gróður við fyrirhugðar rannsóknarholur utan gróðurkorts

Ekki var sérstaklega farið fram á rannsóknir á fyrirhugðum borstæðum fyrir rannsóknarholur í 3. áfanga. Tvö þessara borstæða eru þó inn á gróðurkorti (2. kort). Þriðja holan er hins vegar lengra frá aðal athafnasvæðinu þ.e. sunnan undir Vatnsfelli.

Rannsóknarholurnar tvær sem eru á 2. korti er fyrirhugað að staðsetja á lítt grónu landi í hrauninu. Rannsóknarholan sunnan undir Vatnsfelli er hins vegar í brekkurótum nálægt grónu landi sem ekki hefur verið skoðað nákvæmlega. Þar í nágrenninu er til heimild í gagnabanka Náttúrufræðistofnunar Íslands um háplöntutegund, giljaflækju, sem er á válista.

4.4 Flóra

Háplöntur voru skráðar á vettvangi á þar til gerða lista (1. viðauki). Alls fundust 60 tegundir á rannsóknasvæðinu auk ættkvíslar túnfífla. Tegundirnar sem fundust innan rannsóknasvæðisins eru allar algengar á svæðinu og engin tegund fannst innan þess sem er sjaldgæf á landsvísu eða héraðsvísu.

Auk þess að skrá háplöntutegundir á vettvangi voru dregin saman gögn úr gagnabanka Náttúrufræðistofnunar Íslands um skráningar á háplöntum á Reykjanesi innan þess svæðis sem er á Náttúruminjaskrá. Lista yfir þessar tegundir er einnig að finna í 1. viðauka. Á öllu svæðinu eru skráðar 110 tegundir háplantna auk ættkvísla undanfífla og túnfífla.

Á Reykjanesi hafa fundist tvær tegundir, naðurtunga [■□] og giljaflækja [■□□], sem eru flokkaðar sem sjaldgæfar á landsvísu (1. viðauki) og eru á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996). Báðar tegundirnar vaxa stutt frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og gætu framkvæmdir haft bein eða óbein áhrif á búsvæði þeirra og viðgang í framtíðinni.

- Naðurtunga (*Ophioglossum azoricum*) telst til burkna og er af naðurtunguætt. Hún er smávaxin (3–10 sm). Upp af örstuttum jarðstöngli vaxa eitt til þrjú blöð. Þau eru djúpklofin ofan frá í blaðkenndan egglega hluta og gróbæran hluta með einhliða gróaxi. Naðurtunga vex eingöngu í volgum jarðvegi þar sem heit jarðgufan liggur yfir á hverasvæðinu sunnan við Gráa lónið. Ef þetta náttúrulega hverasvæði þornar mun tegundin hverfa af svæðinu. Naðurtunga er flokkuð sem tegund í nokkurri hættu (LR) í válista. Helstu fundarstaðir hennar eru: Reykjaneskagi, nágrenni Mývatns, við Ísafjarðardjúp, í Fnjóskadal, við Geysi, í Landmannalaugum við Brennisteinsöldu og á Hveravöllum.
- Giljaflækja (*Vicia sepium*) er háplanta af ertublómaætt. Blöðin eru fjöðruð með 5–8 blaðpörum og eru endasmáblöðin ummynduð í vafþræði sem vefjast utan um greinar nálægra jurta. Stönglar eru grannir. Blómin eru í klösum blá að lit. Giljaflækja fannst árið 1986 í brekkunni sunnan í Vatnsfelli (Bæjarfelli) (Kristbjörn Egilsson 1989). Um viðgang hennar síðan þá er ekki vitað. Hún er flokkuð sem tegund í nokkurri hættu (LR) í válista. Giljaflækja vex líklega nálægt þeim stað sem fyrirhugað er að bora rannsóknarholu í 3. áfanga framkvæmdar. Giljaflækja er einungis fundin á nokkrum stöðum á landinu, t.d. í Mýrdal, Gilsbakka í Borgarfirði og á Reykjanesi.



Þekkt útbreiðsla naðurtungu, *Ophioglossum azoricum* á Íslandi.
© Náttúrfræðistofnun Íslands 2002.



Þekkt útbreiðsla giljaflækju, *Vicia sepium* á Íslandi.
© Náttúrfræðistofnun Íslands 2002.

1. mynd. Útbreiðsla naðurtungu og giljaflækju á Íslandi.

5 FUGLAR

5.1 Útvinna og aðferðir við fuglarannsóknir

Útvinna fór fram þann 16. júní 2001. Ekið var að Sýrfelli og gengið á fellið og það kannað. Síðan voru mófuglar taldir á fjórum sniðum út frá Sýrfelli. Með mófuglum er hér átt við rjúpu, vaðfugla og spörfugla. Með sniðtalningunni er reynt að meta fjölda varppara á flatareiningu. Allir mófuglar sem sýna varpatferli eru taldir, stundum eru þetta pör en einnig sjást stakir fuglar og þá er gengið út frá því að þeir eigi sér maka einhvers staðar í felum. Tvö talningasnið voru norðvestan við fjallið og tvö suðaustan við það. Fyrirnefndu sniðin voru í hrauni vöxnu lynggróðri og mosa en hraunið var víða sandorpið. Síðarnefndu sniðin tvö lágu um nær gróðurlaus sandorpin hraun. Hnit fyrir upphafs- og lokapunkt hvers sniðs var tekið með GPS-tæki og lengd sniða reiknuð út miðað við hnitin. Áttaviti var notaður til að halda stefnu við sniðtalningar. Allir mófuglar með varpatferli voru skráðir og fjarlægð þeirra hornrétt frá sniðlínu mæld með fjarlægðarmæli. Við úrvinnslu var fuglum skipt á tvö belti eftir fjarlægð frá sniðlínu, þ.e. innan 100 m frá sniðlínu og utar. Við útreikning á þéttleika var notuð sama aðferð og lýst er á bls. 37 og 38 í skýrslu eftir Sigurð H. Magnússon o.fl. (2001). Þar er þéttleiki (D) fugla á hvern ferkílómetra fundinn með eftirfarandi jöfnu:

$$D = 1000 \times N \times k/L$$

þar sem N eru allar athuganir á báðum athugunarbeltum, k er leiðréttingarstuðull og L er lengd sniðs í km. Fáar tegundir sáust í sniðtalningunum og aðeins örfáar athuganir fyrir hverja tegund. Af þessum sökum var gögnum slegið saman og notaður einn leiðréttingarstuðull við útreikning á þéttleika ($k = 0,0029$). Auk þessara talninga á mófuglum voru allir aðrir fuglar sem sáust skráðir svo og mófuglar sem sáust utan talninga á sniðum.

Að loknum athugunum við Sýrfell var ekið að Gráa lóninu og landið við lónið skoðað. Síðan var fyrirhugaðri affallsleið fylgt frá Gráa lóninu til sjávar. Ekki var gerð nein tilraun til að telja á sniðum líkt og við Sýrfell heldur voru allir fuglar sem sáust skráðir.

5.2 Niðurstöður um fuglalíf

5.2.1 Sýrfell og nágrenni

Fuglalíf við Sýrfell var fáskrúðugt. Þéttleiki mófugla var 2–8 pör/km² (2. tafla). Mófuglar sem sáust í sniðtalningum voru heiðlóa (tvö pör), spói (tvö pör), maríuerla (eitt par), steindepill (tvö pör) og snjótittlingur (eitt par). Við Sýrfell fannst eitt heiðlóuhreiður með fjórum eggjum. Tveir rjúpukarrar voru í eltingarleik yfir fellinu og áttu greinilega óðul þar í nágrenninu.

Nokkrar tegundir sjófugla sáust við Sýrfell. Fjórir fýlar sátu uppi í klettum vestan megin í fjallinu (UTM-hnit 418422, 7080048). Farið var upp á syllurnar og þar fundust tvær tómar hreiðurskálar og því greinilegt að fýlar gera tilraunir til varps í fellinu. Kjóapar (báðir fuglar dökkir) var með hreiður á milli Sýrfells og Stampa. Stakur skúmur renndi sér nokkrum sinnum að talningamanni í hrauninu suðaustan við Sýrfell. Fuglinn hvarf síðan á braut og var því líklega ekki með hreiður þar að þessu sinni. Í hrauninu á þessum slóðum fundust þrjár grónar torfur og í hverri torfu var hreiðurskál.

Þessar skálar voru líklega eftir annað hvort skúm eða svartbak. Uppgræðslan var greinilega öll tilkomin vegna áburðaráhrifa frá driti þeirra fugla sem þar hafa hreiðrað sig. Hnitin (UTM) fyrir torfurnar voru: 418896, 7079209; 418829, 7079229; 418827, 7079259.

2. tafla. Mófuglar sem sáust í talningum við Sýrfell á Reykjanesi 16. júní 2001 og heildarþéttleiki þeirra.

	Snið 1 pör	Snið 2 pör	Snið 3 pör	Snið 4 pör	Samtals pör
Heiðlóa	2				2
Spói		1	1		2
Maríuerla		1			1
Steindepill	1			1	2
Snjóttlingur	1				1
Pör/km²	8	3	2	2	3
Lengd á sniði (km)	1,4	2,0	1,7	1,9	6,9

5.2.2 Gráa lónið og affallsleið til sjávar

Engin mófuglatalning var gerð á affallsleiðinni. Einu mófuglarnir sem sáust var sandlóufjölskylda, þar með þrjá nýklakta unga, við Miðahól. Máfavarpið var í hrauninu norðan og austan við Gráa lónið. Varpið náði frá lóni upp að fiskþurrkun og norður að Miðahól, suðvesturmörkin virtust liggja nokkurn veginn um veg frá Miðahóli að Litla-Vatnsfelli. Ekki var gengið um varpið en það var skannað ofan af Litla-Vatnsfelli. Þar sáust a.m.k. 80 fullorðnir máfar í varpinu. Margir lágu á hreiðrum og mögulega voru einhverjir máfar með unga. Þegar farið var á fellið urðu fuglarnir órólegir og byrjuðu að fljúga um. Tuttugu og sex einstaklingar í varpinu voru greindir til tegundar og þar af voru 13 sílamáfar (50%), 11 silfuramáfar (42%) og tveir svartbakar (8%). Allar tegundirnar þrjár eru örugglega varpfuglar við Gráa lónið og varpið telur a.m.k. 40–50 pör. Þetta er hluti af stærra máfavarpi sem teygir sig áfram í norður og austur. Norðvestan við Litla-Sandfell, rétt utan við máfavarpið, lá stormmáfur á hreiðri og annar stóð þar við. Engar kríur voru í varpi á þessum slóðum en kríuvarp var austar og norðar. Á leiðinni frá Miðahól til sjávar sáust engir fuglar, hvorki mófuglar né sjófuglar.

5.3 Umfjöllun

5.3.1 Samsetning og þéttleiki mófuglafánunnar

Þéttleiki mófugla við Sýrfell er mjög lágur miðað við hvað tíðkast almennt í mólendi á láglandi Íslands. Væntanlega endurspeglar þessa lágu tölur hversu hrjóstrug og lítt gróin talningasvæðin voru. Þessar lágu tölur eru í samræmi við það sem áður hefur verið mælt á Reykjanesi (Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Ólafur Einarsson 1989).

Tegundasamsetning mófuglafánunnar við Sýrfell var svipuð og lýst hefur verið annars staðar á Reykjanesi (Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Ólafur Einarsson 1989). Úrtakið við Sýrfell var þó lítið og þar vantaði þrjár algengar tegundir, skógarþröst, þúfuttling og sandlóu. Ekki var talið við affallsleiðina úr Gráa lóninu en þéttleiki

mófugla þar er að öllum líkindum svipaður og á sniðunum vestan við Sýrfell, þ.e. undir 10 pör á km².

5.3.2 Sjófuglar

Stærsta sjófuglavarpið á athugunarsvæðinu var í hrauninu norðvestan við Gráa lónið á affallsleiðinni, þar urpu fjórar tegundir máfa. Athygli vekur hversu algengir silfur máfar voru í því varpi en fram til þessa hafa silfur máfsvörp á Reykjaneskaga nær eingöngu verið í klettum (Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Ólafur Einarsson 1989). Ekkert kríuvarp var á athugunarsvæðinu og er það í samræmi við fyrri talningar (Ólafur Einarsson og María Harðardóttir 1998). Stormmáfur hefur ekki fyrr verið skráður sem varpflugl á þessu svæði.

5.3.3 Fuglar á valista

Tvær tegundir á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000) verpa á svæðinu. Þetta eru stormmáfur, eitt par, og svartbakur (nokkur pör). Affallsleiðin liggur um máfsvarpið þar sem svartbakarnir voru með hreiður.

6 AÐRAR RANNSÓKNIR Á ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDA

Náttúrufræðistofnun Íslands vill vekja athygli á eftirfarandi vistfræðirannsókn sem verið er að vinna í nágrenni framkvæmdasvæðis.

Að beiðni Orkustofnunar var lífríki hverasvæðisins á Reykjanesi kannað sumarið 2001 af starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Líffræðistofnunar Háskólans (Ásrún Elmarsdóttir, Jón S. Ólafsson og María Ingimarsdóttir, munnleg heimild). Markmið þessa verkefnis er að lýsa vistkerfi háhitasvæðisins og leita skilnings á helstu umhverfisbreytum sem mótar það. Gróðurfar og smádýralíf var rannsakað í þessum tilgangi við mismunandi hitastig. Niðurstöður fyrsta áfanga rannsóknarinnar er að vænta vorið 2002. Yfirstandandi eru rannsóknir á virkni smádýra yfir vetrartímam og er niðurstaðna að vænta vorið 2003 (María Ingimarsdóttir, munnleg heimild).

Jarðhitasvæðið er um 1 km² að flatarmáli og liggur um 1 km norðaustur af Reykjanesvita, sunnan við svokallað Gráa lón. Á heitustu svæðunum eru mosar (t.d. *Campylopus introflexus*, *C. flexuosus* og *Gymnocolea inflata*) allsráðandi í gróðurþekju en einnig fundust brúskar af skriðlíngrasi (Ásrún Elmarsdóttir, munnleg heimild). Heildarþekja gróðurs eykst er fjær dregur hverunum og umhverfis hverabunguna er blóðberg áberandi en einnig finnst kattartunga og græðisúra. Aðrar tegundir sem einkenna gróðurinn á rannsóknasvæðinu eru blávingull, vallarsveifgras, krækilyng, skarífífill og túnfífill. Naðurtunga sem eingöngu vex í jarðhita finnst á svæðinu.

Mikill munur er á tegundasamsetningu smádýra á heitustu og köldustu svæðunum. Nokkrar tegundir sækja í hitann og fundust aðallega uppi á hverabungunni, s.s. köngu-lóategundin *Erigone atra* og bjöllutegundin *Bembidion grapei* (María Ingimarsdóttir og Jón S. Ólafsson, munnleg heimild). Nokkrar tegundir forðast hitann, s.s. langfætlan *Mitopus morio* og smellibjalla *Hypnoidus riparius* og enn aðrar virðast kjósa volgan jarðveg, s.s. margfætluetegundirnar *Lithobius forficatus* og *Lamyctes fulvicollis* og blaðlís (Aphididae).

7 NÁTTÚRUMINJAR

Svæðið sem hér er fjallað um liggur innan marka svæðis sem er á Náttúruminjaskrá (Náttúruverndarráð 1996). Það kallast Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg. Í Náttúruminjaskránni er því lýst á eftirfarandi hátt: „ (1) Mörk liggja úr Mölvík, um 2 km austan við Háleyjabungu, í Þorbjarnarfell og um Lágur og Vörðugjá í Stapafell. Þaðan bein lína í vestur að eyðibýlinu Eyrarbæ við norðurenda Hafnabergs. (2) Reykjanesið er framhald Reykjanesshryggjarins á landi. Stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Sampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávartjörn. Hafnaberg er lágt fuglabjarg með fjölmörgum tegundum bjargfugla. Aðgengilegur staður til fuglaskoðunar.”

8 ÁHRIF FRAMKVÆMDA Á GRÓÐUR OG FUGLALÍF

8.1 Áhrif framkvæmda á gróður

8.1.1 Gróðurfar

Á svæðinu við Sýrfell er ekki að finna sjaldgæf gróðurfélög sem gætu spillst vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Sömu sögu er að segja um gróðurfélög á áhrifasvæði fyrirhugaðs affallsskurðar frá Gráa lóninu. Hins vegar þarf að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands að gæta þess sérstaklega að framkvæmdir valdi ekki röskun á helsta sérkenni svæðisins þ.e. hverasvæðinu sunnan við Gráa lónið.

8.1.2 Flóra

Á Reykjanesi hafa fundist tvær plöntutegundir, *naðurtunga* og *giljaflækja*, sem eru flokkaðar sem sjaldgæfar á landsvísu (1. viðauki) og eru á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996). Báðar tegundirnar vaxa skammt frá framkvæmdasvæði. Naðurtunga vex á hverasvæðinu sunnan við Gráa lónið og giljaflækja nálægt fyrirhugaðri rannsóknarholu 3. áfanga framkvæmdar sunnan undir Vatnsfelli (Bæjarfelli). Gætu framkvæmdir því haft bein eða óbein áhrif á búsvæði þessara tegunda og á það hvort þær viðhaldast á svæðinu í framtíðinni.

8.2 Áhrif framkvæmda á fuglalíf

Þéttleiki mófugla er það lítil að með tilliti til eðlis og umfangs framkvæmda er ekki við því að búast að áhrifin verði nokkur ef frá er talin truflun á framkvæmdatíma. Sama á að miklu leyti við um sjófugla. Reyndar liggur affallsleiðin um þétt máfavarp og mun örugglega verða þar mikil truflun meðan á framkvæmdum stendur en ekki að þeim loknum. Máfarnir voru greinilega mannvánir og sátu ótruflaðir á hreiðrum rétt við fjölfarna vegi. Það var ekki fyrir en menn fóru út úr bílunum og gengu inn í varpið sjálft að truflunar fór að gæta.

9 TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR

Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands munu framkvæmdir á Reykjanesi fyrst og fremst hafa áhrif á landslag. Stæði fyrir borholur og leiðslur geta orðið áberandi í einstöku landslagi hraunsins. Hafa ber í huga að Reykjanes hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn árið um kring og því skiptir miklu máli að vel sé að verki staðið við hönnun og útfærslu mannvirkja.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að staðsetning tveggja fyrirhugaðra rannsóknarhola sunnan undir Vatnsfelli og norðan þess orki tvímælis. Eftirfarandi ástæður má nefna:

- Holurnar verða á alkunnri ferðamannaslóð og munu því trufla útsýni og ásýnd þess lands þar sem nær allir ferðamenn stansa.
- Staðsetningin er miklu sunnar en aðrar fyrirhugaðar borholur og stækkar því nýtingarsvæði til suðurs, en minnkar um leið náttúrulegt svæði Reykjaness.

Annað:

- Hverasvæðið sunnan við Gráa lónið og naðurtunga. Fylgst verði með niðurstöðum vistfræðirannsókna sem nú eru í gangi á hverasvæðinu.
- Mikilvægt er að framkvæmdum verði hagað þannig að tryggt verði að vatnsborð Gráa lónsins færist ekki lengra til suðurs en nú er.
- Vert er að kanna hvort hlífa megi svæðinu sunnan Gráa lónsins við framkvæmdum. Með því móti helst syðsti hluti Reykjanessins að mestu ósnortinn af framkvæmdum og heldur gildi sínu sem ferðamannslóð.
- Mannvirki sem nú þegar eru á svæðinu og umgengni sem þar hefur tíðkast er ekki til fyrirmyndar og líkleg til að vekja neikvæðar kenndir ferðamanna og annarra gesta til svæðisins.

9.1 Viðbótarrannsóknir

Giljaflækja. Lagt er til að vaxtarstaður og útbreiðsla giljaflækju verði kannaður í Vatnsfelli sumarið 2002. Í kjölfar þess verði ákveðið hvort afmarka þurfi vaxtarstað tegundarinnar til forða henni frá hnjaski ef að framkvæmd verður.

10 RITASKRÁ

- Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur. Reykjavík. 306 bls.
- Kristbjörn Egilsson 1989. Gróður á sunnanverðum Reykjanesskaga. Bls. 23–36. Í: Kristbjörn Egilsson (ritstjóri). Náttúrufar á Sunnanverðum Reykjanesskaga. Samvinnunefnd um skipulagsmál á Suðurnesjum. 85 bls.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Ólafur Einarsson 1989. Fuglalíf á sunnanverðum Reykjanesskaga. Bls. 37–57. Í: Kristbjörn Egilsson (ritstjóri). Náttúrufar á Sunnanverðum Reykjanesskaga. Samvinnunefnd um skipulagsmál á Suðurnesjum. 85 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1, plöntur. 82 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2, fuglar. 103 bls.
- Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúru-minjar. 7. útgáfa. Reykjavík. 64 bls.
- Ólafur Einarsson og María Harðardóttir 1998. Athugun á fuglalífi á Reykjanesi vegna fyrirhugaðrar jarðhitanytingar. NÍ-98013. 7 bls. + kort.
- Sigurður H. Magnússon, Erling Ólafsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson, Hörður Kristinsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2001. Kárahnjúkavirkjun. Áhrif Háslóns á gróður, smádýr og fugla. NÍ-01004. 231 bls. + kort.
- Steindór Steindórsson 1981. Flokkun gróðurs í gróðursamfélög. Íslenskar landbúnaðar-rannsóknir. 12,2. Bls. 11–52.

11 VIÐAUKAR

1. viðauki. Flóra Reykjanes

Skýringar:

■■■ Finnst víðast hvar	□□□ Yfirleitt mjög algeng
■■ Finnst nokkuð víða	□□ Yfirleitt nokkuð algeng
■ Fáir fundarstaðir	□ Yfirleitt sjaldgæf
SL Slæðingar	R Ræktuð

Íslensk heiti	Latnesk heiti	Á landsvísu	Fundnar í nágrenni rannsóknar-svæðis	Fundnar á rannsóknar-svæðinu
Alaskálúpína	<i>Lupinus nootakensis</i>	R	1	1
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>	■■■□□□	1	1
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>	■■■□□□	1	1
Baldursbrá	<i>Matricaria maritima</i>	■■■□□□	1	1
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>	■■■□□□	1	
Baunagras	<i>Lathyrus japonicus ssp. maritimus</i>	■■■□□□	1	1
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	■■□□□	1	1
Belgjastör	<i>Carex panicea</i>	■■■□□□	1	
Birki	<i>Betula pubescens</i>	■■■□□□	1	1
Bjúgstör	<i>Carex maritima</i>	■■■□□	1	
Bláberjalýng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	■■■□□□	1	1
Blálilja	<i>Mertensia maritima</i>	■■■□□□	1	1
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>	■■■□□□	1	1
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	■■■□□□	1	1
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>	■■■□□□	1	1
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	■■■□□□	1	1
Burnirót	<i>Rhodiola rosea</i>	■■■□□	1	1
Einir	<i>Juniperus communis</i>	■■□□	1	1
Engjavöndur	<i>Gentianella detonsa</i>	■■□	1	
Fjöruarfi	<i>Honckenya peploides</i>	■■■□□□	1	1
Fjörukál	<i>Cakile arctica</i>	■■□□□	1	1
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>	■■■□□□	1	
Giljaflækja	<i>Vicia sepium</i>	■□□	1	
Gleym-mér-ei	<i>Myosotis arvensis</i>	■■■□□□	1	
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>	■■■□□□	1	1
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>	■■■□□□	1	1
Grávorblóm	<i>Draba incana</i>	■■■□□□	1	
Græðisúra	<i>Plantago major</i>	■■□□	1	1
Gullkollur	<i>Anthyllis vulneraria</i>	■□□□	1	
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>	■■■□□□	1	1
Gullvöndur	<i>Gentianella aurea</i>	■■■□□□	1	
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	■■■□□□	1	1
Haugarfi	<i>Stellaria media</i>	■■■□□□	1	
Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i>	■■■□□□	1	
Hálfngresi	<i>Agrostis capillaris</i>	■■■□□□	1	1
Hárdepla	<i>Veronica officinalis</i>	■■□□□	1	
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>	■■■□□□	1	
Heigulstör	<i>Carex glareosa</i>	■■■□□	1	
Helluhnoðri	<i>Sedum acre</i>	■■■□□	1	
Hjartarfi	<i>Capsella bursa-pastoris</i>	■■■□□□	1	1

Íslensk heiti	Latnesk heiti	Á landsvísu	Fundnar í nágrenni rannsóknar- svæðis	Fundnar á rannsóknar- svæðinu
Hlaðkolla	<i>Chamomilla suaveolens</i>	SL	1	
Hnúskakrækil	<i>Sagina nodosa</i>	■■■■□□	1	
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>	■■■■□□	1	1
Holurt	<i>Silene uniflora</i>	■■■■□□	1	1
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i>	■■■■□□	1	1
Hrímblaðka	<i>Atriplex glabriuscula</i>	■■■■□□	1	
Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>	■■■■□□	1	1
Húsapunktur	<i>Elymus repens</i>	■■■■□□	1	1
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	■■■■□□	1	1
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>	■■■■□□	1	
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	■■■■□□	1	
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>	■■■■□□	1	1
Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>	■■■■□□	1	1
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>	■■■■□□	1	
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	■■■■□□	1	
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	■■■■□□	1	1
Krossfífill	<i>Senecio vulgaris</i>	SL	1	
Krossmaðra	<i>Galium boreale</i>	■■□□□	1	1
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>	■■■■□□	1	1
Langkrækil	<i>Sagina saginoides</i>	■■■■□□	1	
Lindasef	<i>Juncus ranarius</i>	■■■■□□	1	
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>	■■■■□□	1	
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>	■■■■□□	1	1
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>	■■■■□□	1	1
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>	■■■■□□	1	1
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>	■■■■□□	1	
Lækjadepla	<i>Veronica serpyllifolia</i>	■■■■□□	1	
Maríustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>	■■■■□□	1	
Melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>	■■■■□□	1	1
Melgresi	<i>Leymus arenarius</i>	■■□□□	1	1
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>	■■■■□□	1	
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>	■■■■□□	1	
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>	■■■■□□	1	1
Mýrafínnungur	<i>Trichophorum caespitosum</i>	■■■■□□	1	
Mýrasauðlaukur	<i>Triglochin palustris</i>	■■■■□□	1	
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>	■■■■□□	1	1
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>	■■■■□□	1	1
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>	■■■■□□	1	
Naðurtunga	<i>Ophioglossum azoricum</i>	■□	1	
Njóli	<i>Rumex longifolius</i>	■■■■□□	1	
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>	■■■■□□	1	1
Reyrgresi	<i>Hierochloë odorata</i>	■■■■□□	1	
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>	■■■■□□	1	1
Selgresi	<i>Plantago lanceolata</i>	■□□	1	
Sjávarfítjungur	<i>Puccinellia maritima</i>	■■■■□□	1	
Skammkrækil	<i>Sagina procumbens</i>	■■■■□□	1	
Skarfakál	<i>Cochlearia officinalis</i>	■■■■□□	1	1
Skarífífill	<i>Leontodon autumnalis</i>	■■■■□□	1	1
Skriðlíngrasi	<i>Agrostis stolonifera</i>	■■■■□□	1	1
Snarrótarpunktur	<i>Deschampsia caespitosa</i>	■■■■□□	1	1
Sortulyng	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>	■■□□□	1	1

Íslensk heiti	Latnesk heiti	Á landsvísu	Fundnar í nágrenni rannsóknar- svæðis	Fundnar á rannsóknar- svæðinu
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>	■■■□□	1	1
Tágamura	<i>Potentilla anserina</i>	■■■□□	1	1
Tófugras	<i>Cystopteris fragilis</i>	■■■□□	1	
Túnfíflar	<i>Taraxacum</i> spp.	■■■□□	1	1
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>	■■■□□	1	
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	■■■□□	1	1
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>	■■■□□	1	1
Týsfjóla	<i>Viola canina</i>	■■■□□	1	
Týtulíngresi	<i>Agrostis vinealis</i>	■■■□□	1	
Umfeðmingsgras	<i>Vicia cracca</i>	■■□□	1	
Undafíflar	<i>Hieracium</i> spp.	■■■□□	1	
Vallarrýgresi	<i>Lolium perenne</i>	SL	1	
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>	■■■□□	1	1
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>	■■■□□	1	1
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>	■■■□□	1	
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>	■■■□□	1	1
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>	■■■□□	1	1
Vetrarblóm	<i>Saxifraga oppositifolia</i>	■■■□□	1	
Þistill	<i>Cirsium arvense</i>	SL	1	
Þúfusteinbrjótur	<i>Saxifraga caespitosa</i>	■■■□□	1	1
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>	■■■□□	1	1
	Samtals		110	60